

Bókun Þorsteins Sæmundssonar vegna erindis Ásmundar Friðrikssonar um meint brot Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur og Björns Levís Gunnarssonar á siðareglum Alþingis.

Undirritaður vill ánýja að hann telur að bæði Þórhildur Sunna Ævarsdóttir og Björn Leví Gunnarsson hafi gerst brotleg við siðareglur í máli því sem Ásmundur Friðriksson beindi til Forsætisnefndar og er ósammála áliti siðanefndar þar um. Ástæður þeirrar afstöðu hafa þegar komið fram á fundum Forsætisnefndar.

Að því sögðu vill undirritaður taka fram að hann telur núverandi fyrirkomulag um meðferð meintra brota alþingismanna á siðareglum hafa reynst afleitlega. Mál sem þegar eru í ferli eða afgreidd hafa verið meðhöndluð með ámælisverðum hætti. Ómögulegt er einnig að setja þingmenn í þá stöðu að þurfa að kveða upp úr um „sekt“ eða „sakleysi“ kollega sinna. Í því er einnig falinn nokkur freistnivandi eins og þegar hefur komið fram. Brýnt er því að taka núverandi fyrirkomulag til endurskoðunar auk þess sem bæta þarf fyrirleggjandi reglur.

Seltjarnarnesi 24. júní 2019.

Þorsteinn Sæmundsson.

Bókun send yfirlögfræðingi Alþingis.